

# AÐALFUNDUR SAMTAKA HEILSULEIKSKÓLA

FÖSTUDAGINN 12. MAÍ 2017

10:30-16:00

Mættir: Berglind Grétarsdóttir, Þóra Sigrún Hjaltadóttir, Sigrún Hulda Jónsdóttir, Oddný Þóra Baldvinsdóttir, B.Sif Stefánsdóttir, Ingunn Ríkharðsdóttir, Ingunn Sveinsdóttir, Rósa B. Arnardóttir, Anna R. Árnadóttir, Anna Bjarnadóttir, Ásdís Ólafsdóttir, Hugrún Ósk Hermannsdóttir, Guðrún Jóhannsdóttir, Bylgja Héðinsdóttir, Heiðbjört Gunnólfsdóttir, Erla Stefanía Magnúsdóttir, Inese Kuciere, Auður Erla Logadóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Hanna Málmfríður Harðardóttir, Hulda Jóhannesdóttir, María Hermannsdóttir, Kristín Eiríksdóttir, Sigríður Ásdís Jónsdóttir, Sigríður B. Birgisdóttir, Ragnheiður Gunnarsdóttir, Bjarney Kr. Hlökkversdóttir, Ragnheiður A Haraldsdóttir, Katrín Lilja Hraunfjörð og Ingibjörg Guðjónsdóttir.

## Dagskrá aðalfundar

10:30 Heimsókn í Heilsuleikskólann Háaleiti – kynning á starfi leikskólans – Þóra Sigrún Hjaltadóttir var með kynningu á leikskólastarfinu í Leikskólanum Háaleiti.

## Hefðbundin aðalfundarstörf

Kosning fundarstjóra og fundarritara- Ingunn Ríkharðsdóttir var samþykkt sem fundarstjóri, Oddný Baldvinsdóttir samþykkt sem ritari.

- Ingunn Ríkharðsdóttir lagði til að á næsta aðalfundi væru notast við nafnspjöld, mikið er um ný andlit.

## Skýrsla stjórnar –

Sigrún Hulda Jónsdóttir las skýrslu stjórnar.

## Ársreikningar

Þóra Sigrún Hjaltadóttir kynnti ársreikninga Samtaka Heilsuleikskóla.

## Umræður um skýrslu stjórnar

Erla Stefanía Magnúsdóttir - spurði um ástæðu þess að leikskólar hættu sem Heilsuleikskólar. Sigrún Hulda Jónsdóttir svaraði fyrirspurn - þrír leikskólar hættu og voru ástæður vegna sameiningu leikskóla og stjórnendaskipta.

Ingunn Ríkharðsdóttir—þegar leikskólar hætta sem Heilsuleikskólar væri mikilvægt að fylla út uppsögn sem Heilsuleikskóli og að gefið sé upp ástæður þess að leikskólinn hættir.

Erla Stefanía Magnúsdóttir - fyrirspurn um hvort sala á Næringarstefnunni og matseðlum mundi ekki gefa af sér tekjur upp í kostnað á rafrænni Heilsubók – Sigrún Hulda Jónsdóttir svaraði: kostnaður sem fylgir að framfylgja Næringarstefnunni og matseðlum er ófyrirsjáanlegur, ljóst er að kostnaður verður við námskeiðshald og vegna tímavinnu hjá næringarfræðing. Ekki hægt að ráðstafa tekjum vegna þessa fyrirfram.

Ásdís Ólafsdóttir- benti á þann möguleika að Heilsuleikskólar gætu tekið gjald þegar tekið er á móti heimsóknum. Sigrún Hulda Jónsdóttir svaraði- kynningarstarfið er góð leið til þess að halda Heilsustefnuni og það sem það stendur fyrir á lofti.

Katrín Lilja Hraunfjörð – spurning um hvort Raket, nýráðin næringarfræðingur, hafi of lítinn tíma fyrir Næringarstefnuna. Berglind Grétarsdóttir svaraði- hún er með sérþekkingu á þessari Næringarstefnu þar sem hún var með í ráðum við gerð hennar, Raket var mjög jákvæð um að taka áfram þátt í þessu verkefni.

Sigríður Birna Birgisdóttir – hvetur stjórnina til að athuga með að sækja um styrk fyrir rafræna Heilsubók- Sigrún Hulda Jónsdóttir svaraði- leitast verður við að fá styrk fyrir rafræna Heilsubók og verður það sett í hendur nefndinnar að skoða möguleika.

Umræður um ársreikninga- Anna R. Árnadóttir- athugasemd um gjald sem var tekið fyrir Næringarstefnu og útreikninga á matseðlum í ljósi þess að Næringarstefnan og matseðlar væru nú í eigu Samtaka Heilsuleikskóla. Þóra Sigrún Hjaltadóttir svaraði að upphaflega ætlaðu Skólar ehf. að halda utan um þetta, en leitað var til Samtakanna um að taka við þessu til þess að varðveita stefnuna og þá í nafni Unnar Stefánsdóttir frumkvöðuls Heilsustefnunnar. Sigrún Hulda Jónsdóttir svaraði- í raun keyptum við stefnuna aðeins of snemma, þar sem var ekki fyrirsjáanlegt að Samtökin myndu eignast þetta á þennan hátt.

Skýrsla Stjórnar og ársreikningar- samþykkt.

Lagabreytingar- Sif kynnti tillögur stjórnar af lagabreytingar á 7. og 8 gr. Lagabreytingar samþykktar.

## Kosning í Stjórn-

Kosning formanns og varaformanns- Sigrún Hulda Jónsdóttir samþykkt til að halda áfram sem formaður og Berglind Grétarsdóttir sem varformaður, engin mótframboð bárust.

Kosning ritara og gjaldkera- Oddný Þóra Baldvinsdóttir var samþykkt sem ritari og Þóra Sigrún sem gjaldkeri. Sif Stefánsdóttir situr áfram sem meðstjórnandi.

Erla Stefanía Magnúsdóttir var kosin inn í stjórn sem varamaður, varamaður er boðaður á alla stjórnarfundi.

Kosning tveggja skoðunarmanna- Anna R. Árnadóttir og Ingunn Sveinsdóttir buðu sig fram sem skoðunarmenn reikninga, og var það samþykkt.

Hádegishlé- 12:15 -13:00 (gert hlé á fundardagskrá)

Önnur mál:

Heilsubók barnsins- Sigrún lagði fram spurningar um rafræna Heilsubók en ljóst er að verulegur kostnaðaður fylgir vinnu við að búa til rafræna Heilsubók barnsins.

Ingunn Sveinsdóttir - telur að ekki sé brýn þörf fyrir rafræna Heilsubók, gott er að hafa það í höndunum, hægt er að hafa það með sér inn á deild og jafnvel verði erfitt að hafa tölvukost fyrir alla kennara á meðan verið er að skrá.

Anna R. Árnadóttir- skilur að Samtökin séu í vafa um að standa undir kostnað ræfrænnar Heilsubókar, en telur samt að margir góðir kostir gætu fylgt því að hafa hana rafrænna meðal annars að geta metið út frá fleiri árum, skoðað og gert samanburð.

Kristín Eiríksdóttir - tekur undir málefni Önnu R. Árnadóttur og mundi vilja sjá hugmyndum um rafræna Heilsubók haldið á lofti.

Þóra Sigrún Hjaltadóttir – talaði um að kostnaður á Heilsubók gæti verið en meiri því að hún þurfi að vera búin til fyrir fleiri en eitt kerfi það er: android, apple, mac, windows.

Ingunn Ríkharðsdóttir- tók fram að leikskólar ættu að getað tekið þátt í standa undir kostnaði, Anna R. Árnadóttir tók undir það.

Erla Stefanía Magnúsdóttir- hvetur stjórnina að halda áfram, Kristín Eiríksdóttir tekur undir.

Þóra Sigrún Hjaltadóttir- lagði til að hægt væri að skoða samvinnu við Tækniskólann- útskriftarnema/lokaverkefni.

Sigrún Hulda Jónsdóttir- ætlar að kalla nefndina saman og halda áfram að vinna að þessu. Leitaði auk þess eftir að fá samþykkt frá öllum skólum sem kæmu að kostnaði. Sigrún er með efasemdir um að fá útskriftarnema svo að verkefnið standi og falli ekki með einni manneskju.

Bjarney Hlöðversdóttir- sammála um að halda áfram með verkefnið- og telur ekki fyrirstaða að leita til útskriftarnema.

Hulda Jóhannesdóttir– leggur til að gerð verði könnun um hverjir væru til í að leggja til fyrir kostnaði og jafnframt mætti vera könnun á skráningum í Heilsubók og foreldraviðtöl. Hulda býður fram að aðstoð við að leggja fyrir könnun.

Ingunn Sveinsdóttir - kanna þarf hvaða væntingar skólarnir hafa til forritsins og að unnið sé út frá þeim forsendum.

Auður Erla Logadóttir- vildi koma á framfæri að ræfræn Heilsubók gæti haft í för með sér að persónulegir þættir hennar glattist.

Sigrún Hulda Jónsdóttir- leggur til að nefndin haldi afram í vinnu að rafrænni Heilsubók og er sammála því að mikilvægt er að þarfagreina allt áður en er lagt af stað í frekari vinnu. Gott væri að fá fleiri til að starfa í nefndinni sem hafa mikla þekkingu og áhuga á verkefninu. Sú vinna sem nefndin hefur unnið við Heilsubók barnsins verður send út í júní og skólarnir beðnir um að senda athugasemdir á Sigrúnu Huldu Jónsdóttur ef einhverjar eru.

Katrín Lilja Hraunfjörð- lagði fram að skoða þurfi hvernig skipting verði á kostnað skólanna eftir stærð skóla. Sigrún Hulda Jónsdóttir tekur undir það.

## Kynning á gjaldskrá Samtaka Heilsuleikskóla

Þóra Sigrún Hjaltadóttir kynnti nýja gjaldskrá Samataka Heilsuleikskóla.

Katrín Lilja Hraunfjörð – fagnar því að hægt sé að kaupa skjöld, Inngunn Ríkharðsdóttir tekur undir.

Sigrún Hulda Jónsdóttir - kynnti hvernig skjöldur, borðfani og fáni líta út.

Auður Erla Logadóttir– lýsti áhyggjum sínum um að þurfa að leggja út fyrir matseðlum og Næringarstefnunni áður en hún fengi haldbæra kynningu. Sigrún Hulda Jónsdóttir – svaraði að öll námskeið sem Heilsuleikskólar halda eru opin fyrir alla að kynna sér óháð hvort áætlað sé að kaupa matseðla eða ekki. Berglind Grétarsdóttir sagði að hægt sé að skoða matseðla á heimasíðum Heilsuleikskóla en það sem liggur á bakvið t.d. næringarútreikningar og uppskriftir er ekki opinbert. Þóra Sigrún Hjaltadóttir benti á hvað þetta væri þægilegt fyrir leikskólana þar sem Heilsuleikskólar einsettu sér að hafa næringarútreikninga.

Hulda Jóhannesdóttir- kom með tillögu um breytingu á gjaldskrá: að hækka næringarpakkann í 100.000 kr. Sigrún Hulda Jónsdóttir svarar- telur að 100.000 kr. sé of mikið, sérstaklega þegar horft er til heilu sveitarfélaganna sem vilja kaupa fyrir alla skólana sína. Anna R. Árnadóttir er sammála Sigrúnu en leggur til að það þurfi ekki að vera innifalið námskeiðsgjald, eðlilegt sé að hver skóli borgi námskeiðsgjald sjálfur.

Hulda Jóhannesdóttir- svaraði hægt væri að setja saman afsláttarpakka fyrir sveitarfélög og skoða verð fyrir einstaka skóla annars.

Inngunn Ríkharðsdóttir - leggur til að stjórninni verði falið það verkefni að skoða gjaldskrána í tengslum við umræðuna sem hér á undan hefur farið fram.

Sigrún Hulda Jónsdóttir- laga þarf orðalag um hverjir mega koma á námskeið um næringarstefnu og matseðla innan samtaka. Hulda Jóhannesdóttir - lagði til að gjaldskráin eigi ekki að vera „skrautskrá“, þ.e. að setja hana upp á einfaldan hátt.

Fundargestir samþykktu gjaldskrá að öðru leyti.

## Næringarstefnan og matseðlar

Erla Stefanía Magnúsdóttir - benti á vankanta á matseðlum og vandamál sem koma upp eins og hvað varðar t.d. jarðhnetuofnæmi. Hún hvetur stjórnina til að senda matseðla og uppskriftir með logói Heilsustefnunnar og sagði hún frá góðri reynslu sinni af því að gefa lýsi í hádeginu. Þóra Sigrún Hjaltadóttir svaraði – matseðlar voru gerðir með næringarþörf barna í huga en athugasemdir má senda til stjórnar og var með tillögur um leiðir til að vinna í kringum ofnæmi barna.

Inngunn Ríkharðsdóttir- benti á að hægt sé að laga matseðla að sínum skóla.

Hugrún Ósk Hermannsdóttir– benti á að eins og allt sem er verið að innleiða tekur þetta tíma og sagði frá reynslu sinni á að breyta morgunmatnum og benti á að það eru nokkrar villur í uppskriftum.

Hanna Málmfríður Harðadóttir- telur mikilvægt að farið sé eftir matseðlum og uppskriftum þar sem næringarútreikningar miðast við að samsetningin sé eins og gefið er út.

Bjarney Hlöðversdóttir– benti á að við getum breytt matseðli með því að velja hluti sem eru með sömu næringargildi.

Erla Stefanía Magnúsdóttir- sagði frá því hversu ánægður starfsmannahópurinn hennar er með nýju matseðlana. Fagnar því að hafa þurft að elda meiri hafragraut þar sem allir eru farnir að borða svo vel.

Þóra Sigrún Hjaltadóttir- vildi benda á að þetta gerist ekki allt á einum degi, Rakel hefur verið mjög virk í að fylgja eftir ráðleggingum Landlæknisembættisins og stefnan hefur verið uppfærð jafnóðum í samræmi við það og nefndi sérstaklega ráðleggingar um að minnka rautt kjöt og nota í staðinn kjúklinga- eða kalkúnahakk.

Berglind Grétarsdóttir - vill að allar ábendingar um matseðla og uppskriftir séu sendar á stjórnina, einnig allar ábendingar um aukna fjölbreytni. Stjórnin sér um samskipti við Rakel næringarfræðing.

## Önnur mál

Anna R. Árnadóttir– lagði til að skoða það að halda aftur ráðstefnu með öllum Heilsustefnuleikskólum og kom með hugmyndir um hvað væri hægt að gera, til dæmis að vinna í samstarfi við Rannung.

Sigrún Hulda Jónsdóttir- leggur til að stofna nefnd til að skipuleggja ráðstefnu. Stjórnin sendir út beiðni til skólananna um nefndarmenn.

**Fræðsluerindi-** Heilsueflandi leikskólar- um Heilsueflandi leikskóla verkefni Landlæknis

embættis- Þóra Sigrún Hjaltadóttir og Sigrún Hulda Jónsdóttir.